

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Borgargerði í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 20. október 2020, nýtt deiliskipulag fyrir Borgargerði í Ölfusi. Deiliskipulagið setur skilmála um uppbyggingu á svæðinu og er gert ráð fyrir hesthúsi, gestahúsi, frístundahúsi, skemmu, og tveimur íbúðarhúsum. Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Áður auglýst skipulag fyrir Fiskalón í Ölfusi fellur úr gildi.

Skipulag fyrir Fiskalón í Ölfusi, sbr. auglýsingu nr. 1005/2020 í B-deild Stjórnartíðinda 15. október 2020, er hér með fellt úr gildi.

Áður auglýst skipulag fyrir Dimmstaði í Ölfusi fellur úr gildi.

Skipulag fyrir Dimmstaði í Ölfusi, sbr. auglýsingu nr. 1129/2020 í B-deild Stjórnartíðinda 19. nóvember 2020, er hér með fellt úr gildi.

Þorlákshöfn, 1. desember 2020.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2020